

Mánudaginn 29. júní 1987.

Nr. 194/1987. **Jafnréttisráð f.h. Helgu Kress**

gegn

menntamálaráðherra

Sverri Hermannssyni

f.h. menntamálaráðuneytisins

Kærumál. Meðdómendur. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar með kæru 21. maí 1987, er barst Hæstarétti 9. þ.m., frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1987.

Sóknaraðili krefst þess að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Það athugast, að héraðsdómari sat einn í dómi, er hann fjallaði um mál þetta, og hann einn kvað upp hinn kærða frávísunardóm. Hafði hann ekki kvatt til meðdómendur eftir 20. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Eftir lagaákvæði þessu skulu öðrum fremur til kvaddir menn sem „hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum, sem málið varða“. Skýra verður 20. gr. laga nr. 65/1985 með hliðsjón af hinum almennu reglum um meðdómendur í 37. A gr. einkamálalaga nr. 85/1936 þannig að óskýlt sé að kveðja til meðdómendur í málum út af lögum nr. 65/1985, meðan fjallað er um frávísunarkröfu, en eftir 108. gr. einkamálalaga skal það vera í upphafi málsmeðferðar. Mátti héraðsdómari því fjalla einn um kröfu varnaraðila um frávísun.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1987.

1.0.

Mál þetta hefur Jafnréttisráð (4844-3338), Laugavegi 176, Reykjavík, f.h. Helgu Kress (3920-5769), Ásvallagötu 62, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 11. desember 1986 á hendur menntamálaráðherra, Sverri Hermannssyni (8785-2156), Einimel 9, Reykjavík, f.h. menntamálaráðuneytisins.

Dómkrafa stefnanda í efnisþætti máls þessa er sú að viðurkennd verði eins og í stefnu segir, „að um brot á lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið að ræða, er gengið var framhjá Helgu Kress við setningu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspeki-deild Háskóla Íslands 27. desember 1985.“

Stefndi menntamálaráðherra krefst þess aðallega í efnisþætti málsins að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til þrautavara krefst stefndi þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Svo sem fyrr segir krefst stefndi þess, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Þá krefst hann þess og að sér verði tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Til vara krefst stefndi þess að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi krefst þess að framkominni frávisunarkröfu stefnda verði hrundið. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur um frávisunarkröfu stefndu fór fram mánu-daginn 27. apríl sl. og var málið að svo búnu tekið til dóms eða úrskurðar um frávisunarkröfuna.

2.0.

Rétt þykir, áður en gerð verður grein fyrir sjónarmiðum málsaðilja varðandi formhlið málsins, að greina frá málsatvikum ásamt málsástæðum og lagarökum stefnanda í efnisþætti málsins.

Atvikum málsins er þannig lýst í stefnu:

„Í ágúst 1985 var staða lektors í íslenskum bókmenntum við heimspeki-deild Háskóla Íslands auglýst laus til umsóknar með umsóknarfresti til 20. ágúst 1985. Tekið var fram að ráðið yrði í stöðuna til þriggja ára frá 1.

september 1985. Umsækjendur um stöðuna voru sex og voru Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson meðal þeirra.

Á fundi deildarráðs heimspekideildar 4. október 1985 var kosin þriggja manna dómnefnd til að meta hæfni umsækjenda. Nefndin skilaði álitum um miðjan nóvember. Í heildarniðurstöðu dómnefndarinnar kemur fram að hún telji fimm umsækjendur hæfa, en tveir umsækjendur, þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson, skeri sig úr. Síðan segir að Helga hafi meiri og víðtækari reynslu en hann sem háskólakennari og fræðimaður og því mæli dómnefndin með því að hún verði valin til starfsins.

Á fundi heimspekideildar 29. nóvember voru greidd atkvæði um umsækjendur og féllu þau þannig að Helga Kress fékk 26 atkvæði, Örn Ólafsson 7 atkvæði og Matthías Viðar Sæmundsson 4 atkvæði.

Hinn 27. desember 1985 var Matthías Viðar Sæmundsson settur í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum frá 1. janúar 1986 til 31. ágúst 1988.

Helga Kress ritaði Jafnréttisráði bréf hinn 7. janúar 1986 þar sem hún kærði veitingu menntamálaráðherra á fyrrgreindri lektorsstöðu með vísan til laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnréttisráð ritaði menntamálaráðherra bréf hinn 10. janúar 1986 og óskaði eftir upplýsingum um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess sem ráðinn hafði verið. Í svari menntamálaráðherra dags. 3. febrúar 1986 eru menntun og starfsferill Matthíasar Viðars Sæmundssonar rakin og vitnað í niðurstöðu dómnefndar um að hann sé vel hæfur til að gegna starfinu.

Hinn 10. mars sendi Jafnréttisráð aðilum greinargerð um athugun sína á málinu. Í niðurstöðum hennar kemur fram að ráðið sé sammála um að líta verði svo á „að við setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands hafi verið brotið ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985“.

Með bréfi dags. 7. apríl 1986 óskaði Helga Kress eftir því að Jafnréttisráð höfðaði mál á grundvelli fyrrgreindrar niðurstöðu ráðsins.

Jafnréttisráð telur mikilvægt fyrir starfsemi ráðsins og fyrir jafnrétti og jafna stöðu í landinu að fá endanlega úr því skorið hvort hér hafi verið um að ræða brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985. Ráðið telur því nauðsynlegt að höfða mál til viðurkenningar á því að um brot á jafnréttislögnum hafi verið að ræða.“

Um lagarök vísar stefnandi til 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985, sbr. 1., 2., 3., 9. og 17. gr. þeirra laga sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera eftirfarandi:

1) að Helga Kress hafi að mati dómnefndar verið hæfari til að gegna

stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands en sá, sem settur var í stöðuna.

2) að mælt hafi verið með Helgu Kress í stöðuna af fyrrgreindri dómnefnd sérfræðinga.

3) að Helga Kress hafi hlotið meiri hluta atkvæða, þegar greidd voru atkvæði um umsækjendur um lektorsstöðuna á fundi heimspekideildar.

4) að í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Jafnréttisráðs um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess, sem hlaut stöðuna, segi ekkert um sérstaka hæfileika hans eða annað, sem réttlæti, að hann var tekinn fram yfir Helgu.

5) að þar sem kona hafi aldrei gegnt fastri stöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands og yfirgnæfandi meiri hluti kennara við Háskóla Íslands eru karlar, hafi stefnda borið ríkari skylda til að setja konu í stöðuna.

Í stefnu segir, að málið sé höfðað samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 65/1985, en að ekki hafi verið beint tilmælum til stefnda um ákveðnar úrbætur skv. 16. gr. fyrrnefndra laga, enda augljóst, að það ákvæði eigi ekki við, þegar setning í stöðu hafi þegar farið fram.

Samkvæmt gögnum málsins hafa afskipti Jafnréttisráðs af deiluefni máls þessa fram að höfðun málsins verið þessi:

1) Þann 7. janúar 1986 ritaði Helga Kress Jafnréttisráði bréf og kærði veitingu menntamálaráðherra á fyrrgreindri lektorsstöðu.

2) Þann 10. janúar 1986 ritaði Jafnréttisráð menntamálaráðherra bréf, þar sem ráðið óskaði eftir upplýsingum ráðherrans um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess manns, sem ráðinn var í umrædda lektorsstöðu. Óskir sínar í þessum efnum ítrekaði ráðið í bréfi sínu til ráðherra 29. janúar 1986.

3) Þann 3. febrúar 1986 ritaði menntamálaráðherra Jafnréttisráði svarbréf sitt.

4) Þann 10. mars 1986 sendi Jafnréttisráð menntamálaráðherra greinargerð sína um mál þetta. Í greinargerð ráðsins eru raktir málavextir, námsferill Helgu Kress og Matthíasar Viðars Sæmundssonar og starfsferill þeirra, ritstörf og niðurstöður umsagnaraðila um þau bæði. Þá er og birt niðurstaða Jafnréttisráðs um málið og segir þar orðrétt:

„Jafnréttisráð er sammála um eftirfarandi niðurstöðu í málinu.

Jafnréttisráð vill vekja athygli á þeirri skyldu sem lögð er á herðar atvinnuveitenda að taka sérstakt tillit til ákvæða laga nr. 65, 1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, við stöðuveitingar.

Skylda þessi birtist m.a. í 1. gr. laganna, en þar segir:

„Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.“

Þá segir í 2. gr. að konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

Í 1. mgr. 6. gr. segir að starf sem laust sé skuli standa opið jafnt konum sem körlum.

Að lokum segir í 9. gr. s.l., að atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Með bréfi Jafnréttisráðs, dags. 10. janúar 1986 var menntamálaráðherra gefinn kostur á að gera grein fyrir setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðuna, m.a. að upplýsa hvað réði því að hann valdi þann kost að ganga fram hjá þeim umsækjanda, sem dómnefnd heimspekideildar Háskóla Íslands taldi hæfastan og sem fékk yfirgnæfandi mest fylgi í kosningu hjá deildarráði heimspekideildarinnar.

Í svarbréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 3. febrúar sl. er náms- og starfsferill Matthíasar Viðars Sæmundssonar rakinn, en ekki er vikið að því einu orði hvort og þá hvaða sérstökum hæfileikum Matthías Viðar sé búinn, sem væntanlega hafa ráðið úrslitum um skipun hans í lektorsstöðuna.

Þar sem ekki verður af bréfi menntamálaráðuneytisins ráðið að Matthías Viðar hafi sérstaka hæfileika umfram Helgu Kress, til þess að gegna þessu starfi og með hliðsjón af umsögn dómnefndar, sem telur Helgu vera hæfasta, og atkvæðagreiðslu heimspekideildar Háskóla Íslands, sem styður Helgu með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, telur Jafnréttisráð ekkert fram komið í málinu sem réttlæti að framhjá jafnhæfri konu var gengið við setningu í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands.

Þegar þetta er virt og höfð í huga sú aukna skylda sem á herðar atvinnuveitenda var lögð með gildistöku laga nr. 65, 1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, verður að líta svo á, að með setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands hafi verið brotið ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 65, 1985.

Öðruvísi verður vart séð hvernig tilgangi og markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verði náð.“

3.0.

Stefndi menntamálaráðherra byggir kröfu sína um frávísun málsins á því, að í lögum nr. 65/1985 sé kveðið á um málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs í 17. gr. Ekki sé gert ráð fyrir í lögnum, að Jafnréttisráð standi að málshöfðun til að framfylgja lögnum, utan þeirra tilvika, sem komi undir ákvæði 17. gr. Samkvæmt þeirri grein sé það skilyrði fyrir málshöfðun að málsóknin eigi sér stað í því skyni að ná fram lögvörðum rétti þess aðila sem telur á sér brotið og Jafnréttisráð hafi, áður en til málssóknar kemur,

beint að gagnaðila ákveðnum tillögum um úrbætur, sbr. 16. gr. laganna og að þeim tillögum hafi ekki verið sinnt. Í stefnu á dskj. nr. 1 sé viðurkennt, að af hálfu Jafnréttisráðs hafi engum tilmælum um úrbætur verið beint að stefnda. Þetta eitt leiðir sjálfstætt til frávísunar máls þessa.

Þá verður ákvæði 17. gr. laga nr. 65/1985 ekki skilið svo að það heimili málssókn til viðurkenningar á rétti aðila nema því aðeins að sá aðili hafi lögvarða hagsmuni af að fá viðurkenningardóm. Hvorki verði ráðið af 17. gr. sjálfri, lögunum annars né lögskýringargögnum að reglan feli í sér nein frávik frá þessari grundvallarreglu réttarfars. Af stefndu megi glöggst ráða, að málssókn þessi helgast alls ekki af tilvist lögvarinna hagsmuna Helgu Kress, heldur sé málssóknin eingöngu tilkomin vegna hagsmuna á sviði allsherjarréttar, þ.e. hagsmuna Jafnréttisráðs af að fá túlkun á ákvæðum laganna í sambandi við hlutverk ráðsins við framkvæmd þeirra. Þeir hagsmunir sem málssókn þessi sé reist á uppfylli því ekki grundvallarskilyrði einkamálaréttarfars að viðurkenningarkrafa helgist af lögvörðum hagsmunum. Hér sé andstætt 67. gr. eml. leitað álits dómstóls á lögfræðilegu álitaefni.

Þessu til viðbótar sé kröfugerð stefnanda andstæð lögbundinni skipan um meðferð ákærvalds og lögsögu dómstóla. Kröfugerð stefnanda feli fjarstætt í sér kröfu um að tiltekinn lögvarinn réttur Helgu Kress til handa verði viðurkenndur af dóminum. Þvert á móti sé krafist, að viðurkennt verði með dómi að tiltekin ákvæði laga hafi verið brotin. Að vísu sé ekki í því samhengi gerð krafa um, að refsing verði dæmd skv. 19. gr. laganna. Það út af fyrir sig breyti þó ekki eðli kröfugerðarinnar sem allsherjarréttarlegrí kröfu á sviði refsivörslu og geti ekki komið henni undir málshöfðunarrétt einkaréttarlegs eðlis skv. 17. gr. laga nr. 65/1985. Aðild að þeirri kröfugerð sem stefnandi hafi í reynd uppi hér fyrir dómi sé utan valdssviðs hans og slík kröfugerð verði ekki höfð uppi fyrir almennum dómstóli í héraði sbr. 68. gr. eml. Telji Jafnréttisráð á annað borð, að ákvæði laga nr. 65/1985 hafi verið brotin, beri því á sama hátt og öðrum stjórnvöldum við rækt starfa sinna að vísa málum eftir því sem við á til rannsóknar og réttar meðferðar eftir reglum sem gildi um meðferð opinberra mála.

Með vísan til alls þess sem hér hafi verið rakið sé einsýnt, að kröfugerð stefnanda sé ekki dómhæf hvernig sem á málið sé litið og beri því að vísa málinu frá dómi.

4.0.

Stefnandi hefur sem fyrr segir krafist þess að frávísunarkröfunni verði hrundið. Stefnandi bendir á, að það sé að vísu rétt, að 17. gr. laga nr. 65/1985 geri samkvæmt orðanna hljóðan ráð fyrir því að áður en til máls-höfðunar komi beini Jafnréttisráð tilmælum um ákveðnar úrbætur til þess

aðila, sem að mati ráðsins hafi gerst brotlegur við ákvæði jafnréttislaganna, sbr. ákvæði 16. gr. þeirra. Ákvæði þetta sé á hinn bóginn ekki hægt að skýra bókstaflega, þegar fyrir liggir, að krafa um úrbætur sé þýðingarlaus eins og í því tilviki, sem um sé fjallað í þessu máli. Þar standi svo á að stefndi hafi þegar sett annan mann til þess að gegna stöðu þeirri sem um sé að ræða, og þeirri ráðstöfun menntamálaráðherra verði ekki breytt. Það sé því þýðingarlaust að krefja ráðherrann um ákveðnar úrbætur. Áskilnað 17. sbr. 16. gr. laganna um ákveðnar úrbætur verði að skilja með þessari takmörkun. Það sé því auðsætt að málinu verði aldrei vísað frá dómi af þessari ástæðu einni saman.

Þá vísar stefnandi á bug þeim rökstuðningi stefnda að málssókn stefnanda sé andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. 17. gr. jafnréttislaganna geri berum orðum ráð fyrir þeim möguleika, að Jafnréttisráð geti höfðað viðurkenningarmál f.h. þess aðilja sem ráðið telji að brotin hafi verið réttur á. Því sé ljóst að skaðabótamál séu ekki einu málin sem rekin verði samkvæmt jafnréttislögunum, enda væru ákvæði laganna næsta lítils virði ef heimildin til málshöfðunar væri þeirri takmörkun bundin. Þannig bendir stefnandi á að erfitt hefði verið að reka mál þetta sem skaðabótamál, þar sem Helga Kress hafi ekkert fjártjón beðið af lögbroti því sem gegn henni hafi verið framið. Eins sé mjög óvíst að hún hefði getað höfðað mál til heimtu miskabóta úr hendi stefnda, þar sem skilyrði til þess að dæma henni bætur á þeim grundvelli skorti að öllum líkindum. Því sé viðurkenningarkrafa eins og sú sem höfð sé uppi í þessu máli eini möguleikinn fyrir stefnanda til þess að ná fram rétti sínum og slíka kröfugerð sé ótvírætt heimilt að hafa uppi samkvæmt 17. gr. laganna.

Loks vísar stefnandi því alfarið á bug að dómkrafa máls þessa feli í sér „allsherjarréttarlega kröfu á sviði refsivörslu“ eins og stefndi haldi fram. Ljóst sé að refsikrafa verði ekki höfð uppi í þessu máli, þar sem heimildir til höfðunar einkarefsímáls vegna brota á jafnréttislögunum skorti. Hins vegar sé ljóst að stefnandi geti haft uppi viðurkenningarkröfu með þeim hætti sem hér sé gert og áður sé rakið, enda væru ákvæði 17. gr. marklaus ella.

5.0. *Álit dómsins.*

Svo sem áður greinir byggir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á því að við setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í stöðu lektors við Háskóla Íslands hinn 27. desember 1985 hafi menntamálaráðherra mismunað Helgu Kress vegna kynferðis hennar og þannig brotið m.a. 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, jafnréttisлага.

Í 16. gr. jafnréttislaganna segir að telji Jafnréttisráð, að ákvæði 2.-12. gr. laganna hafi verið brotin, beini ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar

útbætur til viðkomandi aðila. Þá segir í 17. gr. laganna að fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins samkvæmt 16. gr. sé ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann.

Áður eru rakin afskipti Jafnréttisráðs af sakarefni máls þessa fram að höfðun málsins. Samkvæmt yfirlýsingu stefnanda sjálfs í stefnu og við munnlegan flutning um frávisunarkröfu stefnda hefur ráðið eigi beint tilmælum til menntamálaráðherra skv. 16. gr. jafnréttislaganna. Er sú skýring á því gefin að augljóst sé að ákvæði greinarinnar geti ekki átt við þegar setning í stöðu hafi þegar farið fram eins og sé í máli þessu.

Samkvæmt athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 65/1985, á fyrirkomulag það, sem jafnréttislögin bjóða að viðhaft sé samkvæmt 16. og 17. gr. laganna, sér fyrirmynd í 11. gr. laga nr. 78/1976 um jafnstöðu kvenna og karla og eru lagaákvæði þess efnislega samhljóða. Í athugasemdum greinargerðar við 11. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 78/1976 sagði, að ætlunin væri með þessum hætti að leysa sem flest deilumál á þennan hátt, eins og í greinargerðinni segir, þannig að ábendingar Jafnstöðuráðs verði teknar til greina.

Þegar virt er orðalag 17. sbr. 16. gr. jafnréttislaganna og forsaga þeirra samkvæmt framansögðu, er það álit dómsins, að málshöfðunarheimild Jafnréttisráðs samkv. 17. gr. sé bundin því ófrávíkjanlega skilyrði, að ráðið hafi áður beint rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til þess aðila, sem að mati ráðsins hefur gerst brotlegur við ákvæði laganna.

Eigi er það skv. lögum nr. 65/1985 takmörkunum bundið, hverra úrbóta Jafnréttisráð getur krafist samkvæmt 16. gr. laganna. Að áliti dómsins þykja ákvæði 16. og 17. gr. eigi verða skýrð svo að það sé á valdi Jafnréttisráðs hverju sinni að meta það hvort fullnægja beri áðurgreindu ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir málshöfðunarheimild ráðsins. Samkvæmt þessu og þar sem afskiptum Jafnréttisráðs af máli Helgu Kress fram að höfðun málsins, þeim sem áður er lýst, þykir eigi verða jafnað til rökstuddra tilmæla um ákveðnar úrbætur í skilningi 16. gr. laga nr. 65/1985, verður að telja, eins og hér stendur á, að Jafnréttisráð bresti heimild til höfðunar máls þessa samkvæmt 17. gr. sömu laga. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi svo sem stefndi hefur krafist.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.